

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/699**2020/EES/54/21**

frá 25. maí 2020

um tímabundnar ráðstafanir varðandi hluthafafundi Evrópufélaga (SE) og félagsfundi evrópskra samvinnufélaga (SCE)**(Texti sem varðar EES) (*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 352. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af samþykki Evrópuþingsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að hefta útbreiðslu COVID-19, en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) lýsti yfir heimsfaraldi vegna veirunnar 11. mars 2020, hafa aðildarríkin gert margvíslegar ráðstafanir sem eiga sér engin fordæmi, einkum ráðstafanir varðandi einangrun og samskiptafjarlægð milli fólks.
- 2) Slíkar ráðstafanir geta komið í veg fyrir að félög og samvinnufélög geti staðið við lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt félagarétti einstakra ríkja og Sambandsins, einkum vegna þess að þær gera þeim verulega erfitt um vik að halda hluthafa- eða félagsfundi sína (e. general meetings).
- 3) Á landsbundnum vettvangi hafa aðildarríkin gripið til neyðarráðstafana til að styðja við félög og samvinnufélög og séð þeim fyrir nauðsynlegum leiðum og sveigjanleika í þeim sérstöku aðstæðum sem skapast hafa af völdum COVID-19 heimsfaraldursins. Einkum hafa mörg aðildarríki gert það kleift að nota stafrænar leiðir og ferla til að halda hluthafa- eða félagsfundi og framlengt fresti til að halda slíka fundi á árinu 2020.
- 4) Á vettvangi Sambandsins eru í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 ⁽¹⁾ settar reglur um Evrópufélög (SE) og í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 ⁽²⁾ reglur um evrópsk samvinnufélög (SCE). Í báðum reglugerðum er þess krafist að hluthafa- eða félagsfundur sé haldinn innan sex mánaða frá lokum fjárhagsársins. Með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem skapast hafa af völdum COVID-19 heimsfaraldursins ætti að veita tímabundna undanþágu frá þessari kröfu. Í ljósi þess að nauðsynlegt er að halda hluthafa- eða félagsfundi til þess að tryggja að ákvarðanir, sem lög mæla fyrir um eða sem eru efnahagslega nauðsynlegar, séu teknar tímanlega ætti að heimila Evrópufélögum að halda hluthafafundi sína og evrópskum samvinnufélögum félagsfundi sína innan 12 mánaða frá lokum fjárhagsársins, þó að því tilskildu að þeir séu haldnir eigi síðar en 31. desember 2020. Þar sem um er að ræða tímabundna ráðstöfun vegna sérstakra aðstæðna af völdum COVID-19 heimsfaraldursins ætti þessi undanþága einungis að eiga við um hluthafa- eða félagsfundi sem halda verður á árinu 2020.
- 5) Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins inniheldur ekki aðrar heimildir til samþykktar þessari reglugerð en þær sem um getur í 352. gr.
- 6) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að setja fram tímabundna neyðarlausn fyrir Evrópufélög og evrópsk samvinnufélög sem gerir þeim kleift að víkja frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 og reglugerðar (EB) nr. 1435/2003 varðandi það hvenær halda skuli hluthafa- eða félagsfundi, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) (Stjtið. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1).

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE) (Stjtið. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 1).

- 7) Með hliðsjón af því að sex mánaða tímabilið, sem um getur í reglugerðum (EB) nr. 2157/2001 og (EB) nr. 1435/2003, rennur út í maí eða júní 2020 og að taka verður tillit til boðunartíma er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.
- 8) Í ljósi þess hversu brýnt málið er var álitid viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum sem um getur í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tímabundin ráðstöfun varðandi hluthafafundi Evrópufélaga (SE)

Þegar halda á hluthafafund Evrópufélags á árinu 2020 í samræmi við 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 getur félagið, þrátt fyrir ákvæðið, haldið fundinn innan 12 mánaða frá lokum fjárhagsársins, að því tilskildu að fundurinn verði haldinn eigi síðar en 31. desember 2020.

2. gr.

Tímabundin ráðstöfun varðandi félagsfundi evrópskra samvinnufélaga (SCE)

Þegar halda á félagsfund evrópsks samvinnufélags á árinu 2020 í samræmi við 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/2003 getur samvinnufélagið, þrátt fyrir ákvæðið, haldið fundinn innan 12 mánaða frá lokum fjárhagsársins, að því tilskildu að fundurinn verði haldinn eigi síðar en 31. desember 2020.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2020.

Fyrir hönd ráðsins,

G. GRLÍĆ RADMAN

forseti.